

Punktur og vers varðandi að dæma eða ekki dæma?

- + Að dæma eða ekki dæma?
- + Hvað er að dæma réttlátan dóm?
- + Flísín og bjálkinn
- + Jesús og Stefán fullir af kærleika Guðs, líkt og ég upplifði í New York
- + Páll var öllum allt til að ávinna sem flesta
- + Ef einhver biður þig um kirtil gefðu honum yfirhöfnina líka
- + Leiðtogar Kamilla og Trump, kosningar á Íslandi, Pútín og Selenský, og fl. elskið óvini yðar
- + Bob Jones lærðir þú að elska vitnisburður
- + Tungan spúir eitri sem getur haft áhrif lengi
- + Við hvað ertu að miða þegar þú dæmir, þitt réttlæti?
- + Látið ekkert skaðlegt orð líða yður af munni
- + Hver er tilgangurinn með að tala um bróður/systur er það til að fá ráð og aðstoð til að hjálpa viðkomandi eða bara til að benda á veikleika, galla viðkomandi?

Upprifjun

- + Mesti kærleikur sem þú hefur er að leggja líf þitt í sölurnar fyrir vini þína
- + Guð er tilbúin að bjarga sálum fyrir vini sína, laun jafnvel fyrir að gefa spámanni vatn

Jóh 15:13

Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína.

The Three Battlegrounds 12. kafli

Við sjáum skýrt á því hvernig óvinurinn hefur notað villu til að sundra. Það er eitt hans aðalvopn. Við þurfum að gæta okkar að falla ekki í þá gryfju að dæma bróður okkar eða systur. Heldur í auðmýkt og kærleika, elska þau til lífs og gera allt sem í okkar valdi stendur til að standa í skarðinu í bæn, sannleikanum og kærleika. Þetta er okkar hlutverk sem Brúður Jesú Krists. Við þurfum að brjóta niður verk djöfulsins sem er augljóslega búið að hneppa mörg af okkar systkinum í sitt net, með villukenningum og afvegaleiðingu frá hinu heilnæma Orði og sannleika.

Upphrifningin og Brúður Jesú Krists.

- + Gagnrýni og slúður gegn bræðrum og systurum hverfur fyrir kærleika og fyrirbæn
- + Öfund og samkeppni á ekki heima í ríki Guðs, sjá 1.Kor 1:10-
- + Djöfulinn kemur til að sundra, valda óeiningu, kemur með villukenningar o.s.frv.
- + Við eigum að vera blessun, aldrei í hroka um að við vitum meira eða betur, heldur í kærleika
- + Við þurfum að standa í skarðinu, skarðið er það sem stendur á milli, Páll var öllum allt.
- + Sá sem vill vera mestur allra verði þjónn allra Mark 9:35
- + Við eigum ekki að koma með því hugarfari að leiða eða kenna, heldur elska og þjóna
- + Við eigum að vera friðflytjendur, sem boða fagnaðarerindið í kærleika og með krafti með táknum og undrum

Vers

Matt 7:1-7

-1- Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir. -2- Því að með þeim dómi, sem þér dæmið, munuð þér dæmdir, og með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður mælt verða. -3- Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu? -4- Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga flísina úr auga þér? Og þó er bjálki í auga sjálfs þín. -5- Hræsnari, drag fyrst bjálkann úr auga þér, og þá sérðu glöggt til að draga flísina úr auga bróður þíns. -6- Gefið ekki hundum það sem heilagt er, og kastið eigi perlum yðar fyrir svín. Þau mundu troða þær undir fótum, og þeir snúa sér við og rífa yður í sig.

Lúk 6:31

Og svo sem þér viljið, að aðrir menn gjöri við yður, svo skuluð þér og þeim gjöra. -32- Og þótt þér elskið þá, sem yður elska, hvaða þökk eigið þér fyrir það? Syndarar elska þá líka, sem þá elska. -33- Og þótt þér gjörið þeim gott, sem yður gjöra gott, hvaða þökk eigið þér fyrir það? Syndarar gjöra og hið sama. -34- Og þótt þér lánið þeim, sem þér vonið að muni borga, hvaða þökk eigið þér fyrir það? Syndarar lána einnig syndurum til þess að fá allt aftur. -35- Nei, elskið óvini yðar, og gjörið gott og lánið án þess að vænta nokkurs í staðinn, og laun yðar munu verða mikil, og þér verða börn hins hæsta, því að hann er góður við vanþakkláta og vonda. -36- Verið miskunnsamir, eins og faðir yðar er miskunnsamur. -37- Dæmið ekki, og þér munuð eigi dæmdir verða. Sakfellið eigi, og þér munuð eigi sakfelldir verða. Sýknið, og þér munuð sýknaðir verða. -38- Gefið, og yður mun gefið verða. Góður mælir, troðinn, skekinn, fleytifullur mun lagður í skaut yðar. Því með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður aftur mælt verða.

Matt 5:39

En ég segi yður: Rísið ekki gegn þeim, sem gerir yður mein. Nei, slái einhver þig á hægri kinn, þá bjóð honum einnig hina. -40- Og vilji einhver þreyta lög við þig og hafa af þér kyrtil þinn, gef honum eftir yfirhöfnina líka. -41- Og neyði einhver þig með sér eina mílu, þá far með honum tvær. -42- Gef þeim, sem biður þig, og snú ekki baki við þeim, sem vill fá lán hjá þér. -43- Þér hafið heyrt, að sagt var: Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn. -44- En ég segi yður: Elskið óvini yðar, og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður, -45- svo að þér reynist börn föður yðar á himnum, er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta. -46- Þótt þér elskið þá, sem yður elska, hver laun eigið þér fyrir það? Gjöra ekki tollheimtumenn hið sama? -47- Og hvað er það, þótt þér heilsíð bræðrum yðar einum. Gjöra heiðnir menn ekki hið sama? -48- Verið þér því fullkomnir, eins og faðir yðar himneskur er fullkominn.

Lúk 6:27

En ég segi yður, er á mig hlýðið: Elskið óvini yðar, gjörið þeim gott, sem hata yður,

Lúk 6:35

Nei, elskið óvini yðar, og gjörið gott og lánið án þess að vænta nokkurs í staðinn, og laun yðar munu verða mikil, og þér verða börn hins hæsta, því að hann er góður við vanþakkláta og vonda.

Jóh 7:24

Fyrst maður er umskorinn á hvíldardegi, til þess að lögmál Móse verði ekki brotið, hví reiðist þér mér, að ég gjörði manninn allan heilan á hvíldardegi?

-24- Dæmið ekki eftir útliti, dæmið réttlátan dóm.

Sak 7:9

Svo segir Drottinn allsherjar: Dæmið rétta dóma og auðsýnið hver öðrum kærleika og miskunnsemi.

Hós 6:6

Því að á miskunnsemi hefi ég þóknun, en ekki á sláturfórni, og á guðspekking fremur en á brennifórnum.

Lúk 23:33

Og er þeir komu til þess staðar, sem heitir Hauskúpa, krossfestu þeir hann þar og illvirkjana, annan til hægri handar, hinn til vinstri. -34- Þá sagði Jesús: Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra. En þeir köstuðu hlutum um klæði hans og skiptu með sér.

Pos 7:59

Þá æptu þeir hástöfum, héldu fyrir eyrun og réðust að honum, allir sem einn maður. -58- Þeir hröktu hann út úr borginni og tóku að grýta hann. En vottarnir lögðu yfirhafnir sínar að fótum ungum manni, er Sál hét. -59- Þannig grýttu þeir Stefán. En hann ákallaði Drottin og sagði: Drottinn Jesús, meðtak þú anda minn. -60- Síðan féll hann á kné og hrópaði hárrí röddu: Drottinn, lát þá ekki gjalda þessarar syndar. Þegar hann hafði þetta mælt, sofnaði hann.

Jak 3:5

Pannig er einnig tungan lítil limur, en lætur mikið yfir sér. Sjá hversu lítil neisti getur kveikt í miklum skógi. -6- Tungan er líka eldur. Tungan er ranglætisheimur meðal lima vorra. Hún flekkar allan líkamann og kveikir í hjóli tilverunnar, en er sjálf tendruð af helvíti. -7- Allar tegundir dýra og fugla, skriðkvikindi og sjávardýr má temja og hafa mennirnir tamið, -8- en tunguna getur enginn maður tamið, þessa óhemju, sem er full af banvænu eitri. -9- Með henni vegsömum vér Drottin vorn og föður og með henni formælum vér mönnum, sem skapaðir eru í líkingu Guðs. -10- Af sama munni gengur fram blessun og bölvun. Þetta má ekki svo vera, bræður mínir. -11- Gefur lindin úr sama uppsprettuanga bæði ferskt og beiskt vatn? -12- Mun fíkjutré, bræður mínir, geta af sér gefið olífur eða vínviður fíkjur? Eigi getur heldur saltur brunnur gefið ferskt vatn. -13- Hver er vitur og skynsamur yðar á meðal? Hann láti með góðri hegðun verk sín lýsa hóglátri speki. -14- En ef þér hafið beiskan ofsa og eigingirni í hjarta yðar, þá stærið yður ekki og ljúgið ekki gegn sannleikanum. -15- Sú speki kemur ekki að ofan, heldur er hún jarðnesk, andlaus, djöfulleg. -16- Því hvar sem ofsi og eigingirni er, þar er óstjórn og hvers kyns böll. -17- En sú speki, sem að ofan er, hún er í fyrsta lagi hrein, því næst friðsöm, ljúfleg, sáttgjörn, full miskunnar og góðra ávaxta, óhlutdræg, hræsnislaus. -18- En ávexti réttlætisins verður sáð í friði þeim til handa, er frið semja.

Efe 4:29

Látið ekkert skaðlegt orð líða yður af munni, heldur það eitt, sem er gott til uppbyggingar, þar sem þörf gjörist, til þess að það verði til góðs þeim, sem heyra.

Matt 12:36

En ég segi yður: Hvert ónytjuorð, sem menn mæla, munu þeir verða að svara fyrir á dómsdegi. -37- Því af orðum þínum muntu sýknaður, og af orðum þínum muntu sakfelldur verða.

Fyrri Kor 9:19

-19- Þótt ég sé öllum óháður, hef ég gjört sjálfan mig að þræli allra, til þess að ávinna sem flesta. -20- Ég hef verið Gyðingunum sem Gyðingur, til þess að ávinna Gyðinga. Þeim, sem eru undir lögmálinu, hef ég verið eins og sá, sem er undir lögmálinu, enda þótt ég sjálfur sé ekki undir lögmálinu, til þess að ávinna þá, sem eru undir lögmálinu. -21- Hinum lögmálslausu hef ég verið sem lögmálslaus, þótt ég sé ekki laus við lögmál Guðs, heldur bundinn lögmáli Kristis, til þess að ávinna hina lögmálslausu. -22- Hinum óstyrku hef ég verið óstyrkur til þess að ávinna hina óstyrku. Ég hef verið öllum allt, til þess að ég geti að minnsta kosti frelsað nokkra. -23- Ég gjöri allt vegna fagnaðarerindisins, til þess að ég fái hlutdeild með því.

Matt 9:10

-10- Nú bar svo við, er Jesús sat að borði í húsi hans, að margir tollheimtumenn og bersyndugir komu og settust þar með honum og lærisveinum hans. -11- Þegar farísear sáu það, sögðu þeir við lærisveina hans: Hvers vegna etur meistari yðar með tollheimtumönnum og bersyndugum? -12- Jesús heyrði þetta og sagði: Ekki þurfa heilbrigðir læknis við, heldur þeir sem sjúkir eru. 13- Farið og nemið, hvað þetta merkir: Miskunnsemi vil ég, ekki fórnir. Ég er ekki kominn til að kalla réttláta, heldur syndara.

Matt 10:12

Þegar þér komið í hús, þá árið því góðs, -13- og sé það verðugt, skal friður yðar koma yfir það, en sé það ekki verðugt, skal friður yðar aftur hverfa til yðar. -14- Og taki einhver ekki við yður né hlýði á orð yðar, farið þá úr því húsi eða þeirri borg og hristið dustið af fótum yðar.

Jak 4:7

Gefið yður því Guði á vald, standið gegn djöflinum, og þá mun hann flýja yður. -8- Nálægið yður Guði, og þá mun hann nálgast yður. Hreinsið hendur yðar, þér syndarar, og gjörið hjörtun flekklaus, þér tvílyndu. -9- Berið yður illa, syrgið og grátið. Breytið hlátri yðar í sorg og gleðinni í hryggð. -10- Auðmýkið yður fyrir Drottni og hann mun upphefja yður. -11- Talið ekki illa hver um annan, bræður. Sá sem talar illa um bróður sinn eða dæmir bróður sinn, talar illa um lögmálið og dæmir lögmálið. En ef þú dæmir lögmálið, þá ert þú ekki gjörandi lögmálsins, heldur dómari. -12- Einn er löggjafinn og dómarrinn, sá sem getur frelsað og tortímt. En hver ert þú, sem dæmir náungann? -13- Heyrið, þér sem segið: Í dag eða á morgun skulum vér fara til þeirrar eða þeirrar borgar, dveljast þar eitt ár og versla þar og græða! -14- Þér vitið ekki hvernig líf yðar mun verða á morgun. Því að þér eruð gufa, sem sést um stutta stund en hverfur síðan. -15- Í stað þess ættuð þér að segja: Ef Drottinn vill, þá bæði lifum vér og þá munum vér gjöra þetta eða annað. -16- En nú stærið þér yður í oflátungsskap. Allt slíkt stærilæti er vont. -17- Hver sem því hefur vit á gott að gjöra, en gjörir það ekki, hann drýgir synd.

Róm 12:9

-9- Elskan sé flærðarlaus. Hafið andstyggð á hinu vonða, en haldið fast við hið góða. -10- Sýnið hver öðrum bróðurkærleika og ástúð, og verið hver yðar fyrri til að veita öðrum virðing. -11- Verið ekki hálfvolgir í áhuganum, verið brennandi í andanum. Þjónið Drottni. -12- Verið glaðir í voninni, þolinmóðir í þjáningunni og staðfastir í bæninni. -13- Takið þátt í þörfum heilagra, stundið gestrisni. -14- Blessið þá, er ofsækja yður, blessið þá, en bölvíð þeim ekki. -15- Fagnið með fagnendum, grátið með grátendum. -16- Berið sama hug til allra, hreykið yður ekki, en haldið yður að hinum lítilmótlegu. Ætlið yður ekki hyggna með sjálfum yður. -17- Gjaldið engum illt fyrir illt. Stundið það sem fagurt er fyrir sjónum allra manna. -18- Hafið frið við alla menn að því leyti sem það er unnt og á yðar valdi. -19- Hefnið yðar ekki sjálfir, þér elskaðir, heldur lofið hinni refsandi reiði Guðs að komast að, því að ritað er: Mín er hefndin, ég mun endurgjalda, segir Drottinn. -20- En ef óvin þinn hungrar, þá gef honum að eta, ef hann þyrstir, þá gef honum að drekka. Með því að gjöra þetta, safnar þú glóðum elds á höfuð honum. -21- Lát ekki hið vonða yfirbuga þig, heldur sigra þú illt með góðu.

Gal 6:1

Bræður! Ef einhver misgjörð kann að henda mann, þá leiðréttið þér, sem andlegir eruð, þann mann með hógværd. Og haf gát á sjálfum þér, að þú freistist ekki líka. -2- Berið hver annars byrðar og uppfyllið þannig lögmál Krists. -3- Sá sem þykist vera nokkuð, en er þó ekkert, dregur sjálfan sig á talar. -4- En sérhver rannsaki breytni sjálfs sín og þá mun hann hafa hrósunarefni í samanburði við sjálfan sig, en ekki miðað við aðra, -5- því að sérhver mun verða að bera sína byrði.

Róm 14

Takið að yður hina óstyrku í trúnni, án þess að leggja dóm á skoðanir þeirra. -2- Einn er þeirrar trúar, að alls megi neyta en hinn óstyrki neytir einungis jurtafæðu. -3- Sá, sem neytir kjöts, fyrirlíti ekki hinn, sem lætur þess óneytt, og sá, sem lætur þess óneytt, dæmi ekki þann, sem neytir þess, því að Guð hefur tekið hann að sér. -4- Hver ert þú, sem dæmir annars þjón? Hann stendur og fellur herra sínum. Og hann mun standa, því að megnugur er Drottinn þess að láta hann standa. -5- Einn gjörir mun á dögum, en annar metur alla daga jafna. Sérhver hafi örugga sannfæringu í huga sínum. -6- Sá, sem tekur tillit til daga, gjörir það vegna Drottins. Og sá, sem neytir kjöts, gerir það vegna Drottins, því að hann gjörir Guði þakkir. Sá, sem lætur óneytt, hann lætur óneytt vegna Drottins og gjörir Guði þakkir. -7- Því að enginn af oss lifir sjálfum sér og enginn deyr sjálfum sér. -8- Ef vér lifum, lifum vér Drottni, og ef vér deyjum, deyjum vér Drottni. Hvort sem vér þess vegna lifum eða deyjum, þá erum vér Drottins. -9- Því að til þess dó Kristur og varð aftur lifandi, að hann skyldi drotna bæði yfir dauðum og lifandi. -10- En þú, hví dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlitur þú bróður þinn? Allir munum vér verða að koma fram fyrir dómstól Guðs. -11- Því að ritað er: Svo sannarlega sem ég lifi, segir Drottinn, fyrir mér skulu öll kné beygja sig og sérhver tunga vegsama Guð. -12- Því skal þá sérhver af oss lúka Guði reikning fyrir sjálfan sig. -13- Dæmum því ekki frammar hver annan. Ástetjið yður öllu heldur að verða bróður yðar ekki til ásteytingar eða falls. -14- Ég veit það og er þess fullviss, af því að ég lifi í samfélagi við Drottin Jesú, að ekkert er vanheilagt í sjálfu sér, nema þá þeim, sem heldur eitthvað vanheilagt, honum er það vanheilagt. -15- Ef bróðir þinn hryggist sökum þess, sem þú etur, þá ertu kominn af kærleikans braut. Hrind ekki með mat þínum í glötun þeim manni, sem Kristur dó fyrir. -16- Látið því ekki hið góða, sem þér eigið, verða fyrir lasti. -17- Því að ekki er Guðs ríki matur og drykkur, heldur réttlæti, friður og fögnuður í heilögum anda. -18- Hver sem þjónar Kristi á þann hátt, hann er Guði velþóknanlegur og vel metinn manna á meðal. -19- Keppum þess vegna eftir því, sem til friðarins heyrir og til hinnar sameiginlegu uppbyggingar. -20- Brjóttu ekki niður verk Guðs vegna matar! Allt er að sönnu hreint, en það er þó illt þeim manni, sem etur öðrum til ásteytingar. -21- Það er rétt að eta hvorki kjöt né drekka vín né gjöra neitt, sem bróðir þinn steytir sig á. -22- Halt þú þeirri trú, sem þú hefur með sjálfum þér fyrir Guði. Sæll er sá, sem þarf ekki að áfella sig fyrir það, sem hann velur. -23- En sá sem er efablandinn og etur þó, hann er dæmdur af því að hann etur ekki af trú. Allt sem ekki er af trú er synd.

Fil 2:3

Gjörðið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillátir og metið aðra meira en sjálfa yður.

Fyrri Kor 13

-1- Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. -2- Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt ég hefði svo takmarkalaus trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt. -3- Og þótt ég deildi út öllum eigum mínum, og þótt ég framseldi líkama minn, til þess að verða brenndur, en hefði ekki kærleika, væri ég engu bættari. -4- Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður. Kærleikurinn öfundar ekki. Kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp. -5- Hann hegðar sér ekki ósæmilega, leitar ekki síns eigin, hann reiðist ekki, er ekki langrækinn. -6- Hann gleðst ekki yfir óréttvísinni, en samgleðst sannleikanum. -7- Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt. -8- Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi. En spádómsgáfur, þær munu líða undir lok, og tungur, þær munu þagna, og þekking, hún mun líða undir lok. -9- Því að þekking vor er í molum og spádómur vor er í molum. -10- En þegar hið fullkomna kemur, þá líður það undir lok, sem er í molum. -11- Þegar ég var barn, talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn. En þegar ég var orðinn fulltíða maður, lagði ég niður barnskapinn. -12- Nú sjáum vér svo sem í skuggsjá, í ráðgátu, en þá munum vér sjá augliti til auglitis. Nú er þekking mín í molum, en þá mun ég gjörþekkja, eins og ég er sjálfur gjörþekktur orðinn. -13- En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur.

Kól 3:1

Fyrst þér því eruð uppvaktir með Kristi, þá keppist eftir því, sem er hið efra, þar sem Kristur situr við hægri hönd Guðs. -2- Hugsid um það, sem er hið efra, en ekki um það, sem á jörðinni er. -3- Því að þér eruð dánir og líf yðar er fólgið með Kristi í Guði. -4- Þegar Kristur, sem er líf yðar, opinberast, þá munuð þér og ásamt honum opinberast í dýrð. -5- Deyðid því hið jarðneska í fari yðar: Hórdóm, saurlífnað, losta, vonða fýsn og ágirnd, sem ekki er annað en skurðgoðadýrkun. -6- Af þessu kemur reiði Guðs yfir þá, sem hlýða honum ekki. -7- Meðal þeirra voruð og þér áður, þegar þér lifðuð í þessum syndum. -8- En nú skuluð þér segja skilið við allt þetta: Reiði, bræði, vonsku, lastmæli, svívirðilegt orðbragð. -9- Ljúgið ekki hver að öðrum, því þér hafið afklæðst hinum gamla manni með gjörðum hans -10- og íklæðst hinum nýja, sem endurnýjast til fullkominnar þekkingar og verður þannig mynd skapara síns. -11- Þar er ekki grískur maður eða Gyðingur, umskorinn eða óumskorinn, útlendingur, Skýti, þræll eða frjáls maður, þar er Kristur allt og í öllum. -12- Íklæðist því eins og Guðs útvaldir, heilagir og elskaðir, hjartans meðaumkun, góðvild, auðmýkt, hógværð og langlyndi. -13- Umberid hver annan og fyrirgefið hver öðrum, ef einhver hefur sök á hendur öðrum. Eins og Drottinn hefur fyrirgefið yður, svo skuluð þér og gjöra. -14- En íklæðist yfir allt þetta elskunni, sem er band algjörleikans. -15- Látið frið Krists ríkja í hjörtum yðar, því að til friðar voruð þér kallaðir sem limir í einum líkama. Verðið þakklátir. -16- Látið orð Krists búa ríkulega hjá yður með allri speki. Fræðið og áminnið hver annan með sálmum, lofsöngum og andlegum ljóðum og syngið Guði sætlega lof í hjörtum yðar. -17- Hvað sem þér gjörið í orði eða verki, gjörið það allt í nafni Drottins Jesú og þakkið Guði föður fyrir hann.